

EFNISYFIRLIT

- 2 ÁVARP RÁÐHERRA
- 3 SKIPURIT SAMKEPPNISSTOFNUNAR
- 4 HLUTVERK SAMKEPPNISSTOFNUNA
- 4 YFIRLIT YFIR STARFSEMI SAMKEPPNISSTOFNUNAR 1998
- 15 ÁTÖK UM HAGSMUNI GEORG ÓLAFSSON FORSTJÓRI
- 20 ÚTGÁFUSTARFSEMI
- 20 HEIMASÍÐA
- 21 REKSTRARKOSTNAÐUR
- 21 ÞJÓNUSTUVÍSAR
- 22 SAMKEPPNISRÁÐ OG STARFSMENN SAMKEPPNISSTOFNUNAR

ÁVARP RÁÐHERRA

ÁVARP RÁÐHERRA Finnur Ingólfsson

Virk samkeppni gegnir mikilvægu hlutverki við a' auka efnahagslega velsæld. Á Vesturlöndum hefur um langt skeið ríkt skilningur á gildi samkeppninnar og hann hefur annars staðar smám saman farið vaxandi. Þannig eru samkeppnismál í brennidepli víða í heiminum sem liður í endurreisn atvinnulífsins.

Samkeppnin viðhelst ekki alls staðar af sjálfu sér. Fyrirtæki hafa tilhneigingu til að komast hjá því að keppa ef þau telja hag sínum betur borgi með öðrum hætti. Samkeppnislögum er ætla að sporna gegn því.


Núgildandi samkeppnislög hér á landi voru sett snemma á þessum áratug í kjölfar mikilla breytinga í rekstrarumhverfi fyrirtækja. Var það í samræmi við þróunina á þessu sviði í nágrannalöndunum. Það hefur sýnt sig að setning þessara laga var mikið framfaraspor. Löggin hafa breytt viðhorfi til samkeppnismála og átt þátt í að treysta þann stöðugleika sem ríkt hefur í þjóðfélaginu undanfarin ár.

Áframhaldandi breytingar á markaðsaðstæðum og samkeppnisumhverfi, bæði innanlands og á alþjóðavettvangi, hafa kallað á að samkeppnislögin séu endurskoðuð. Sú vinna er þegar hafin. Í því sambandi er óhjákvæmilegt að líta til þeirrar þróunar sem á sér stað á alþjóðavettvangi. Þar verður sú krafa sífellt háværari að samkeppnislög og framkvæmd þeirra verði sem mest samræmd milli landa, þannig að tryggt verði að mál fái sambærilega meðferð óháð því í hvaða landi samkeppnislögabrot á sér stað.

Í þessu sambandi er vert að minnast á nán og vaxandi tengsl milli samkeppnis- og viðskiptamála, en sú umræða er ofarlega á baugi hjá helstu viðskiptastofnunum heimsins um þessar mundir. Í fríverslunarsamningum er lögð æríkari áhersla á þátt samkeppnismála. Dæmi um það eru yfirstandandi fríverslunarviðræður EFTA og Kanada.

Það er stefna viðskiptaráðuneytisins að framhald verði á árangursríkri framkvæmd samkeppnismála og með því stuðlað að stöðugleika í efnahagsmálum og bættum hagneytenda.

Finnur Ingólfsson, iðnaðar- og viðskiptaráðherra.



HLUTVERK

Samkeppnisyfirvöldum er ætlað að stuðla að því að neytendur fái góða vöru og þjónustu á sanngjörnu verði. Að þessu skal unnið með því að efla virka samkeppni í viðskiptum, samhliða því að gæta þess að heilbrigðir viðskiptahættir séu í heiðri hafðir.

YFIRLIT YFIR STARFSEMI SAMKEPPNISSTOFNUNAR 1998

Starfsemi Samkeppnisstofnunar og þau mál sem stofnunin fær til meðferðar má í grófum dráttum flokka í þrennt. Stofnunin fjallar í fyrsta lagi um mál sem varða samkeppnishindranir og tilraunir fyrirtækja til að hamla samkeppni. Í öðru lagi fjallar Samkeppnisstofnun um óréttmæta viðskiptahætti og villandi upplýsingastarfsemi og í þriðja lagi fer þar fram vinna sem stuðla á að auknu gagnsæi markaðsins, meðal annars verðkannanir, sem stofnunin framkvæmir reglulega.


Það sem einkenndi starfsemi Samkeppnisstofnunar á síðasta ári, voru nokkur mjög umfangsmikil og vinnufrek mál. Sem dæmi má nefna mál vegna yfirtöku Myllunnar-Brauðs hf. á Samsólubakaríi hf., umfjöllun um Breiðband Landssíma Íslands hf. og mál sem fjallaði um skilmála greiðslukortafyrirtækjanna. Þá fjallar sívaxandi fjöldi mála sem koma til meðferðar samkeppnisyfirvalda um notkun firmanafna og annarra auðkenna á fyrirtækjum.

Svipaðar áherslur voru lagðar við úrlausn mála á samkeppnisviði og árið áður, meðal annars með því að hindra að markaðsráðandi fyrirtæki drægju með háttsemi sinni úr samkeppni sem stafað gæti frá minni fyrirtækjum. Samtals voru afgreidd um 160 mál af samkeppnisviði. Þar af voru 40 mál afgreidd formlega af samkeppnisráði. Flest önnur mál sem fjallað var um voru svör við fyrirspurnum, álit og umsagnir, m.a. að beiðni Alþingis, eða mál sem gáfu á annan hátt ekki tilefni til beinnar íhlutunar samkeppnisyfirvalda.

Hlutverk samkeppnisyfirvalda er meðal annars að gæta þess að réttmætir og heilbrigðir viðskiptahættir séu í heiðri hafðir. Á síðasta ári bannaði samkeppnisráð 15 auglþsingar sem fólu í sér rangar, villandi og ófullnægjandi upplýsingar. Þar af voru tvær auglþsingar sem taldar voru misbjóða börnum eða lþsa atferli sem gæti reynst þeim hættulegt. Hjá Samkeppnisstofnun fjallar markaðsmálasvið um þessi mál. Alls afgreiddu samkeppnisyfirvöld 160 mál sem með einum eða öðrum hætti vörðuðu óréttmæta viðskiptahætti. Flest þessara mála voru afgreidd af Samkeppnisstofnun og lyktaði þmist með sátt, ábendingum eða tilmælum. Samkeppnisráð ákvarðaði um 25 af þessum 160 málum.

Nítján ákvörðunum samkeppnisráðs var vísað til áfrþjunarnefndar samkeppnismála á árinu 1998. Fimm ákvarðanir samkeppnisyfirvalda voru til umfjöllunar hjá dómstólum á árinu.

Í því skyni að auka gagnsæi markaðarins fylgist Samkeppnisstofnun náið með verðmerkingum á vöru og þjónustu. Ennfremur eru gerðar og birtar verðkannanir sem hafa þann tilgang að auðvelda neytendum og viðskiptalífínu yfirsþn og stuðla með því að virkari samkeppni. Árið 1998 qerði Samkeppnisstofnun 36 kannanir. Þar af voru 22



Bónusi. Eftir að Þor eignaðist sinn hlut í Bónusi voru gerðar sérstakar samþykktir fyrir fyrirtækið. Í samþykktunum voru ákvæði sem höfðu í för með sér að eigendur Þors gátu haft ákvarðandi áhrif í Bónusi, meðal annars með því að samþykki allra stjórnarmanna þurfti fyrir öllum mikilvægum ákvörðunum. Með kaupum á hlut í Bónusi öðluðust eigendur Þors þannig virk yferráð í félaginu í skilningi 4. gr. samkeppnislaga. Við það höfðu Hagkaup og Bónus orðið að einni samkeppnislegri einingu. Í álit samkeppnisráðs kemur fram að sambærilegur skilningur á virkum yferráðum komi fram í samrunareglum ESB. Þar eð umrædd kaup urðu áður en samkeppnislögin tóku gildi komu þau ekki til álita hjá samkeppnisyfirlöðum. Það var því álit samkeppnisráðs að sú breyting sem leitað var álits á mundi ekki hafa í för með sér breytingar á gerð þeirra markaða sem fyrirtækin Hagkaup og Bónus störfuðu á umfram það sem gerst hafði árið 1992. Því gætu þeir samningar sem fyrirhugaðir voru þegar álitsins var óskað ekki komið til athugunar á grundvelli 18. gr. samkeppnislaga.

Vörutegundum mismunað

Eitt af verkefnum Samkeppnisviðs á árinu 1998 var að fjalla um sérfræðilega ráðgjöf og upplýsingamiðlun opinberrar stofnunar. Umfjöllunin leiddi til ákvörðunar um skaðlegar samkeppnishindranir Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins (Rb). Samkeppnisráð komst að þeirri niðurstöðu eftir að hafa borist erindi frá fyrirtækinu Steinprjúi ehf., að Rannsóknastofnunin hafi haft skaðleg áhrif á samkeppni með því að tilgreina tiltekin vörumerki í verklýsingum fyrir múrviðgerðir. Þetta hafi Rb gert þrátt fyrir að unnt hafi verið að lúsa viðkomandi efnum með tækniforskriftum. Háttsemi Rb leiddi til þess að þau dæmi sem tilgreind voru í verklýsingum stofnunarinnar voru oftast notuð í tilboðum. Taldi samkeppnisráð hættu á að samkeppnisstöðu framleiðenda og innflytjenda annarra efna til múrviðgerða væri stórlega raskað með verklagi Rb. Einnig var í verklýsingabanka Rb fyrir múrviðgerðir bent á það sérstaklega að verð- og kostnaðarútreikningar tiltekinnar verkfræðistofu væru tengdir við verklýsingabankann. Var það mat samkeppnisráðs að þetta væri til þess fallið að draga úr samkeppni milli verkfræðistofa auk þess að stuðla að samræmingu á verð- og kostnaðarútreikningum tilboðsgjafa og draga þannig úr samkeppni. Ábendingar Rb um tilgreind vörumerki í verklýsingum og ábendingar um þjónustu tiltekinnar verkfræðistofu höfðu því skaðleg áhrif á samkeppni á markaðnum í skilningi 17. gr. samkeppnislaga. Þeim fyrirmælum var beint til Rb að kalla inn, fyrir 1. maí 1998, hvers konar gögn og upplýsingar frá stofnuninni sem gefnar höfðu verið út vegna viðgerða á steinsteypu þar sem tiltekin voru vörumerki í dæmaskyni, eða þar sem bent var á tiltekin fyrirtæki til viðskipta. Jafnframt var þeim fyrirmælum beint til Rb að gæta þess vandlega að leiðbeiningar stofnunarinnar séu þannig úr garði gerðar að þær mismuni hvorki fyrirtækjum sem á markaðnum starfa né efnum sem seld eru á markaðnum.

Samráð og aðgangshindranir

Reglulega koma inn á borð Samkeppnisstofnunar mál þar sem kvartað er yfir að keppinautar á markaði hafi samráð um að halda hugsanlegum nýliða frá samkeppni og noti til þess ráðandi stöðu sína á markaðnum. Gott dæmi um slíkt mál var synjun um aðgang Íslandsþósts að RÁS-þjónustu banka og sparisjóða. Íslandsþóstur hf., áður Póstur og sími hf. og þar áður Póst- og símamálastofnun, fór þess ítrekað á leit að fá aðgang að RÁS-kerfi bankanna og rafrænum greiðslufærslum. Framkvæmdanefnd um debetkort, sk. RÁS-nefnd, hafnaði þeirri málaleitan. Var

Landssímanum verði skipt upp í tvö fyrirtæki sem reki annars vegar grunnfjarskipta-kerfi og hins vegar almenna síma- og fjarskiptaþjónustu og aðra virðisaukandi þjónustu. Í öðru lagi er bent á þá leið að greina rekstur breiðbands frá annarri starfsemi Landssímans. Í ákvörðun sinni bendir samkeppnisráð á að það kunnir að skila mestum samkeppnislegum árangri ef Landssímanum verði gert að selja breiðbandið. Samkeppnisráð ákvað að grípa ekki til aðgerða í ákvörðun sinni er lúta að gerð markaðarins. Umfjöllun ráðsins var sett fram til umræðu og skoðanaskipta. Hins vegar lústi ráðið yfir því að það mundi taka til athugunar innan eins árs hvort forsendur ákvörðunarinnar ættu enn við.

Samkeppnisráð beindi þeim fyrirmælum til Landssímans að hann veiti sjónvarpsfyrirtækjum aðgang að dreifikerfum fyrirtækisins á sambærilegum kjörum svo fremi sem sömu forsendur eigi við um dreifinguna. Fyrirmæli þessi eiga rót að rekja til þess að Landssíminn dreifði útsendingum Ríkisútvarpsins án endurgjalds á breiðbandinu en ekki útsendingum Fjölmíðlunar sem kvartaði af þeim sökum. Samkeppnisráð komst að þeirri niðurstöðu að endurgjaldslaus dreifing á efni Ríkisútvarpsins skaðaði samkeppnisstöðu Fjölmíðlunar gagnvart Ríkisútvarpinu. Loks mælti samkeppnisráð fyrir um fjárhagslegan og stjórnunarlegan aðskilnað Breiðvarps Landssímans frá öðrum rekstri fyrirtækisins og beindi þeim fyrirmælum til Landssímans að gæta þrústrustu nákvæmni í kynningu á breiðbandi gagnvart neytendum.

Landssíminn kærði ákvörðun samkeppnisráðs um breiðband Landssímans til áfrþjunarnefndar samkeppnismála og krafðist þess að ákvörðunin yrði að öllu leyti felld úr gildi. Byggði fyrirtækið m.a. á því í kæru sinni að meginefni hinnar kærðu ákvörðunar varði fyrst og fremst fjarskiptamálefni sem falli utan valdsviðs samkeppnisfirvalda. Hið nýja fjarskiptanet, breiðband, sé dæmigert fyrir þau umfjöllunarefni sem heyri undir valdsvið Póst- og fjarskiptastofnunar. Í úrskurði áfrþjunarnefndar segir að rétt þyki að telja að valdsvið samkeppnisfirvalda á fjarskiptasviðinu standi óhaggað enda sé það í eðli sínu mun víðtækara en það eftirlitsvald sem Póst- og fjarskiptastofnun fari með varðandi samkeppni á sviði fjarskipta. Áfrþjunarnefndin féllst í öllum meginatriðum á röksemdir samkeppnisráðs í hinni kærðu ákvörðun og staðfesti hana með nokkrum orðalagsbreytingum.

Útboð

Alloft fá samkeppnisfirvöld kvartanir sem á einn eða annan veg tengjast útboðum á vöru eða þjónustu. Í þrúsum tilvikum hefur málum verið vísað frá þar eð þau heyra undir önnur stjórnvöld eins og kærunefnd útboðsmála. Nokkur mál hafa þó komið til efnislegrar umfjöllunar samkeppnisfirvalda. Allsérstætt mál af þeim toga var samkeppnisstaða verktaka í skólaakstri gagnvart sérleyfishafa á sömu leið. Það mál sýnir glögggt að samkeppni er ekki öll þar sem hún er séð. Þó að keppinautur bjóði lágt verð, kemur það neytendum ekki endilega til góða, þegar til langs tíma er litið. Heilbrigð samkeppni verður að byggja á jafnræði en getur ekki þróast við mismunun og misbeitingu valds.

Vorið 1998 var skólaakstur á leiðinni Selfoss-Hvolsvöllur með nemendum Fjölbautaskóla Suðurlands boðinn út. Tilboði verktaka á Suðurlandi var tekið og gerðu Ríkiskaup samning við hann. Útboðið miðaði við að 80 nemendur nýttu sér aksturinn. Þar var gert ráð fyrir að Fjölbautaskólinn greiddi verktaka ákveðna grunngreiðslu og nemendur greiddu ákveðið gjald sjálfir. Í tilboði sínu gerði verktakinn ráð fyrir þeim forsendum sem fram komu í útboðinu, þar á meðal tekjum frá 80 nemendum. Haustið

Mismunandi skattheima

Í nokkrum tilvikum hafa samkeppnisyfirvöld fjallað um mismunandi skattheimtu hjá fyrirtækjum sem starfa í samkeppni. Eitt þeirra mála varðar mismunun í innheimtu virðisaukaskatts af þjónustu Reiknistofu bankanna og keppinauta Reiknistofunnar.


Reiknistofa bankanna lagði ekki virðisaukaskatt á þjónustu sem fyrirtækið veitti í samkeppni við einkafyrirtæki sem seldi samskonar þjónustu. Einkafyrirtækið sem greiða þurfti skatt af sinni þjónustu bar fram kvörtun við Samkeppnisstofnun vegna þessarar mismununar. Við rannsókn málsins lagði embætti ríkisskattstjóra fram gögn sem sýna að Reiknistofan hafi verið upplýst um það að sú þjónusta sem um ræðir væri virðisaukaskattskyld. Niðurstaða samkeppnisráðs er sú að mismunandi skattheimta á fyrirtækjum í samkeppnisrekstri fari gegn markmiði samkeppnislaga. Þeim eindregnu tilmælum var því beint til ríkisskattstjóra að embættið beiti sér fyrir því að virðisaukaskattur verði innheimtur af þeirri þjónustu Reiknistofu bankanna sem hún veitir í samkeppni við fyrirtæki á almennum samkeppnismarkaði.

Ómissandi aðstaða

Nokkur fyrirtæki hér á landi hafa, oft á grundvelli einkaleyfis, það sem kallað hefur verið ómissandi aðstaða fyrir önnur fyrirtæki til að geta starfað. Dæmi um það er Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins. Þeir sem vilja koma áfengi á smásölumarkað hafa ekki til annarra en ÁTVR að leita um milligöngu. Nokkrum sinnum hefur verið kvartað yfir innkaupaháttum, m.a. reglum Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins um vöruval. Kvartað var yfir því við samkeppnisyfirvöld að Carlsberg bjór hefði verið tekinn til sölu í verslunum ÁTVR án undangengins biðtíma. Bent var á að biðtími fyrir nýja bjórtegund hafi hins vegar að öllu jöfnu verið 18 mánuðir. Til að komast hjá hinum almenna biðtíma hafi Carlsberg bjór verið tekinn inn í sk. þróunarflokk, sem ætlaður sé fyrir nýja vöru sem ekki hafi verið seld í verslunum ÁTVR eða erlendis og varan sé að efnainnihaldi frábrugðin öðrum vörum á markaði innan lands og utan. Carlsberg bjór hafi verið settur í þróunarflokkinn á grundvelli þess að hafin hafi verið framleiðsla á bjórnum úr íslensku vatni.

Í áliti samkeppnisráðs er bent á að sérstaklega rík skylda hvíli á ÁTVR að gæta þess að athafnir fyrirtækisins hafi ekki skaðleg áhrif á samkeppnisstöðu þeirra sem selja áfengi fyrir milligöngu verslana ÁTVR. Innflytjendur eða framleiðendur áfengis geti ekki komið vörum sínum til neytenda á annan hátt en í verslunum ÁTVR, að undanskilinni sölu áfengis til neyslu á sölustað, s.s. í veitingahúsum. Því skipti það verulegu máli fyrir dreifingaraðila áfengis hvort umsókn þeirra um sölu á vöru leiðir til þess að varan fari í þróunarflokk þar sem ekki er um biðtíma á sölu að ræða eða annan sölu-flokk sem leiðir til margra mánaða biðar eftir sölu. Samkeppnisráð komst að þeirri niðurstöðu að afgreiðsla ÁTVR á umsókn um sölu á Carlsberg bjór og framkvæmd fyrirtækisins á reglum um innkaup og sölu áfengis hafi ekki verið í samræmi við þær skyldur sem hvíli á ÁTVR. Þeim tilmælum var beint til stjórnar ÁTVR að framvegis verði þess gætt að jafnræði ríki milli áfengisbirgja í samræmi við ákvæði samkeppnislaga og laga um verslun með áfengi og tóbak.

Í kvörtun þeirri sem hér er fjallað um var því haldið fram að ákvæði um þróunarflokk í vöruvalsreglum ÁTVR bryti gegn ákvæðum EES-samningsins. Í þeim sé innlendum framleiðendum mismunandi á kostnað erlendra. Samkeppnisráð kemst að þeirri niðurstöðu að samkvæmt reglunum þurfi erlendir framleiðendur að leggja út í verulegan kostnað til að sýna fram á að vara frá þeim uppfylli skilyrði sem sett eru fyrir því að



Raftækjaverslunar Heklu hf. „Með allt á hreinu“ sýndi lítið barn ofan á þvottavél sem teygði sig niður að tökkum vélarinnar. Samkeppnisráð taldi auglþsinguna lþsa hættulegu atferli, þar sem barnið gæti ómögulega hafa átt að sþna notkun þvottavélarinnar og frá sjónarhóli öryggis væri ekki rétt að sþna börn í þeirri aðstöðu sem auglþsingin gerði.

Sambærilegum tilmælum beindi Samkeppnisstofnun til Toyota umboðsins vegna auglþsingar sem sþndi lítið barn reyna að skríða upp í bifreið. Þá notaði Samkeppnisstofnun heimild sína til að taka bráðabirgðaákvörðun og bannaði útvarpsstöðinni X-inu að nota auglþsingu sem birtist á flettiskiltum og sþndi ungan mann beina byssu að höfði hunds og hafði að geyma textann „Stilltu á X-ið eða ég skþt hundinn þinn“. Stofnunin taldi að auglþsingin væri til þess fallin að misbjóða börnum og sþndi ofbeldi gegn dþri. Samkeppnisráð staðfesti bráðabirgðaákvörðunina.

Samhliða innflutningur

Á árinu 1998 kom fyrir samkeppnisráð fyrsta málið sem varðar sk. samhliða innflutning á vörum. Taldi samkeppnisráð ekki tilefni til íhlutunar vegna sölu Hagkaups hf. á hársnyrtivörum frá fyrirtækinu Redken. Umboðsmaður Redken hafði kvartað til Samkeppnisstofnunar yfir sölu Hagkaups á hársnyrtivörum þar sem hann væri sjálfur einkaumboðsmaður Redken hársnyrtivara hér á landi. Í niðurstöðu samkeppnisráðs kemur fram að sú vernd sem felist í samningum um einkaumboðsmenn sé almennt til þess fallin að efla samkeppni. Verndin hvetji umboðsmanninn til að auglþsa og markaðssetja viðkomandi vöru þar sem dregið sé úr líkum á því að nþr aðili komi inn á markaðinn og njóti afraksturs markaðsstarfs umboðsmannsins án þess að hafa lagt út í sambærilegan kostnað. Hins vegar telur samkeppnisráð að það hafi skaðleg áhrif á samkeppni í skilningi samkeppnislaga ef samningar milli erlends framleiðanda og íslensks umboðsmanns leiði til þess að keppinautur geti ekki með samhliða innflutningi orðið sér úti um og selt viðkomandi vörur hér á landi í samkeppni við viðkomandi umboðsmann. Samkeppnislög veita ekki íslenskum umboðsmönnum landfræðilega vernd, enda gæfi slík vernd möguleika á að skipta mörkuðum eftir landsvæðum og tækifæri á að selja viðkomandi vöru á hærra verði en ella.

Atvinnuleyndarmál

Samkeppnisráð taldi ekki tilefni til íhlutunar vegna kvörtunar Afurðasölu Borgarnesi hf. yfir óréttmætum viðskiptaháttum við paté-framleiðslu Kjötumboðsins hf. Afurðasalan keypti á árinu 1996 framleiðslurétt á kjötpaté o.fl. frá Íslensku-frönsku hf. Tveir fyrrum starfsmenn Íslensks-fransks hófu störf hjá Kjötumboðinu og sáu þar um kjötpatéframleiðslu fyrir fyrirtækið. Afurðasalan Borgarnesi krafðist þess m.a. að starfsmönnum tveimur yrði bæði bannað, að veita upplýsingar um og hagnþta sér atvinnuleyndarmál sem þeim hefði verið trúað fyrir eða þeir áunnið sér sem starfsmenn Íslensks-fransks, til framleiðslu á kjötpaté. Í niðurstöðu samkeppnisráðs sagði m.a. að sérstakar aðferðir við framleiðslu á vöru, t.d. paté, gætu talist atvinnuleyndarmál eða með öðrum hætti fallið undir vernd 27. gr. samkeppnislaga. Hins vegar væri það skilyrði fyrir því að vernd 27. gr. samkeppnislaga yrði virk, að krafa um leynd hefði verið látin í ljós eða að það lægi í hlutarins eðli. Samkeppnisráð féllst ekki á að sú þekking sem um væri að ræða í þessu máli ætti að njóta verndar á grundvelli þess að slíkt lægi í hlutarins eðli. Þá var ósannað í málinu að Afurðasalan Borgarnesi eða Íslenskt-franskt hefði látið í ljós þá kröfu gagnvart starfsmönnum tveimur að farið

Náið eftirlit verður haft með þessum mikilvægu mörkuðum áfram og reynt að tryggja að virk samkeppni ríki þar áfram.

Nú þegar virk samkeppni ríkir á flestum sölumörkuðum mun þessi deild Samkeppnisstofnunar einbeita sér meira að því að kanna verð á þjónustustarfsemi og sérfræðiþjónustu í þeim tilgangi að gera hana gagnsærri fyrir hinn almenna neytanda.

Meðal verðkannana síðasta árs má nefna verðkönnun á nokkrum algengum gjaldliðum hjá starfandi tannlæknum á Íslandi en eyðublöð voru send út til 238 tannlækna og svör bárust frá rúmlega 80% þeirra. Ástæðan fyrir ofangreindri könnun var m.a. sú að ástæða þótti til að kanna hvort breytingar hefðu orðið á verði tannlæknaþjónustu í kjölfar ákvörðunar samkeppnisráðs frá 1994, en þá hafnaði ráðið beiðni Tannlæknafélags Íslands um undanþágu frá banni við notkun á leiðbeinandi gjaldskrá. Þá var einnig kannað hvort farið væri að reglum um verðmerkingu á þjónustu. Niðurstaða þessarar könnunar sýndi að meðalverð á þjónustu tannlækna er mjög svipað og í gjaldskrá byggðri á samningi Tannlæknafélagsins og Tryggingastofnunar fyrir sjúklinga sem fá tannlæknaþjónustu greidda að hluta samkvæmt almannatryggingalögum.

Birtingu gjaldskrár á biðstofu og tannlæknastofu var stórlega ábótavant, en aðeins þrjú tannlæknar höfðu uppi gjaldskrá á biðstofu en 30% tannlækna voru með gjaldskrá fyrir sjúklinga inni á tannlæknastofu. Það er því skýlaus krafa Samkeppnisstofnunar að gjaldskrár tannlækna verði sýnilegar.


Verðmerkingar

Á sl. ári gerði Samkeppnisstofnun átak í að koma verðmerkingum á grænmeti og ávöxtum í rétt horf en samkvæmt reglum ber að selja nýtt grænmeti og ávexti miðað við kíló en ekki samkvæmt stykkjaverði. Í kjölfar kvartana bæði frá neytendum og kaupmönnum var farið á vegum stofnunarinnar í verslanir og grænmeti og ávextir sem seldir voru í stykkjatali vigtaðir af handahófi. Í ljós kom að mikill þyngdarmunur var á milli sömu tegundar grænmetis eða ávaxtar og var munurinn allt að nífaldir.

Þá var og fylgst með verðmerkingum í matvöruverslunum, þ.e. hvort samræmi væri milli verðmerkinga á hillukanti og verði á vörum eins og það er skráð í afgreiðslukassa. Samtals voru kannaðar tæplega ellefu þúsund vörur í matvöruverslunum á sl. ári og sýna niðurstöður að verðmerkingar eru í lagi í 93,2% tilvika, vörur óverðmerktar í hillu í 3% tilvika og jafnoft var um að ræða að vara væri seld á hærri verði og lægra verði eða í 1,9% tilvika.

Um mitt sl. ár var athugað ástand verðmerkinga í 820 sérverslunum á höfuðborgarsvæðinu. Athugaðar voru verðmerkingar bæði inni í verslunum og í sýningargluggum. Niðurstaða þessarar athugunar gaf til kynna að enn skortir nokkuð á að ástand verðmerkinga geti talist viðunandi og á það sérstaklega við um verðmerkingar í sýningargluggum. Þessar niðurstöður eru svipaðar og niðurstöður í sambærilegri athugun sem fram fór á vegum stofnunarinnar árið 1996.

Til þess að samkeppni sé virk í verslun og viðskiptum þurfa neytendur að bera gott skynbragð á verð. Ein af forsendum þess að neytendur geti fylgst með verðlagi og eftir verðskyn sitt eru verðmerkingar. Góðar verðmerkingar í sýningargluggum verslana eru til dæmis afar mikilvægar í þessu samhengi þar sem þær bæði auka yfirsýn neytandans og spara honum tíma. Því er nauðsynlegt fyrir Samkeppnisstofnun að huga að markvissari úrræðum við broti á lögum og reglum um verðmerkingar.



Undir lok áttunda áratugarins var á ný lagt fram stjórnarfrumvarp að samkeppnislögum og var það samþykkt á árinu 1978. Áður en að gildistöku laganna kom urðu hins vegar stjórnarskipti og í framhaldi af því var lögnum breytt í fyrra horf. Þetta sýnir þær pólitísku andstæður sem ríktu um þennan málaflokk allt fram á níunda áratuginn.

Þróunin hérlendis

Þó að dregist hafi fram yfir seinni heimsstyrjöld að taka almennt upp samkeppnislöggjöf í nágrannalöndunum, þá gengu hlutirnir enn hægar hér á landi. Framan af voru innflutningshöft ástæðan, en þau voru lengur í gildi hérlendis en í nágrannalöndunum eða til ársins 1960. Síðar tafði andstaða hagsmunasamtaka og flokkspólitískur ágreiningur framgang málsins.

Fyrsta tilraun hér á landi til að setja samkeppnislög var gerð í lok sjöunda áratugarins. Stjórnarfrumvarp var þá lagt fram. Mikil átök urðu um frumvarpið sem að lokum var fellt á Alþingi.

Undir lok áttunda áratugarins var á ný lagt fram stjórnarfrumvarp að samkeppnislögum og var það samþykkt á árinu 1978. Áður en að gildistöku laganna kom urðu hins vegar stjórnarskipti og í framhaldi af því var lögnum breytt í fyrra horf. Þetta sýnir þær pólitísku andstæður sem ríktu um þennan málaflokk allt fram á níunda áratuginn.

Á árinu 1982 var lögnum breytt á ný og samkeppnisreglur tóku loks gildi. Lögin voru byggð á s.k. eftirlitsreglu, sem felur í sér að samkeppnishömlur eru almennt ekki fyrirfram bannaðar, heldur hafa samkeppnisyfirvöld heimild til íhlutunar gegn skaðlegum áhrifum þeirra. Eftirlitsreglan var við liti í minni löndum, s.s. á Norðurlöndunum. Í þmsum stærri löndum eins og í Bandaríkjunum, Japan og hjá Evrópusambandinu var hins vegar byggt á s.k. bannreglu sem felur í sér að samkeppnishömlur eru almennt fyrirfram bannaðar.

Í kjölfar lagabreytingarinnar 1982 voru verðlagsákvæði smám saman afnumin og samhliða lögðu yfirvöld áherslu á verðkannanir og aðra upplýsingastarfsemi og efldu með því virka samkeppni. Fleiri breytingar í rekstrarumhverfi atvinnulífsins fylgdu á eftir og samþjöppun á markaðnum fór vaxandi.

Með þjóðarsáttarsamningunum 1990 var lagður traustari grunnur að stöðugleika. Verðskyn neytenda fór vaxandi og samkeppni efl-dist. Á sama tíma hófust samningarnir um Evrópska efnahagssvæðið og þar voru samkeppnismál í brennidepli. Margar þjóðir hófu að endurskoða samkeppnisreglur sínar í ljósi þeirra breytinga sem voru að gerast. Slík endurskoðun fór einnig fram hér á landi og leiddi til núgildandi samkeppnislaga sem tóku gildi 1. mars 1993.

Lögin frá 1993 eru á sama hátt og eldri lögin í meginatriðum byggð á eftirlitsreglunni. En lögin eru jafnframt að hluta byggð á bannreglunni þar sem í lögnum eru ákvæði um fyrirfram bann við þeim samkeppnishömlum sem taldar eru hvað skaðlegastar. Ástæða þess að eftirlitsreglan var áfram meginstoð laganna var sú að það var talið henta betur okkar litla þjóðfélagi að framkvæmd laganna væri ekki um of reyrd niður. Í þessu sambandi var m.a. höfð hliðsjón af lagasetningu Norðmanna sem að þmsu leyti búa við svipuð skilyrði og Íslendingar að því er litið að framkvæmd samkeppnislaga. Þess má reyndar geta að þróunin í heiminum hefur að undanfögnu verið í þá átt að draga úr afdráttarlausum ákvæðum samkeppnislaga og opna fyrir sveigjanlegra mat við úrlausn einstakra mála. Þetta er eðlileg afleiðing þess síbreytilega umhverfis sem efnahagslífið bþr við.

Samkeppnislögin

Reynslan af gildandi samkeppnislögum frá 1993 er all góð. Samkeppnisyfirvöld hafa á

Því verður hins vegar ekki á móti mælt að í okkar smáa þjóðfélagi þar sem nán stjórnunar- og eignatengsl eru milli fyrirtækja og önnur tengsl milli manna einnig mikil getur samtakamáttur þessara aðila hamlað starfsemi samkeppnisyrvalda. Það hentar þeim ekki að þurfa að keppa og við það situr.

Samhliða hefur það færst í vöxt að fyrirtækin komi á framfæri upplýsingum til fjölmiðla, á stundum að því er virðist byggðum á rangtúlkunum og til þess eins ætlað að gera úrskurði samkeppnisyrvalda tortryggilega. Í krafti fjárhagslegs afls og víðtækra tengsla er mikið lagt undir til þess að skapa sterka áróðursstöðu og standa vörð um sérréttindi.

Ef til vill munu einhverjir telja að hér sé verið að mála hlutina of dökkum litum. Sitt sþnist hverjum. Því verður hins vegar ekki á móti mælt að í okkar smáa þjóðfélagi þar sem nán stjórnunar- og eignatengsl eru milli fyrirtækja og önnur tengsl milli manna einnig mikil getur samtakamáttur þessara aðila hamlað starfsemi samkeppnisyrvalda. Það hentar þeim ekki að þurfa að keppa og við það situr.

Þessi tregða hefur a.m.k. enn sem komið er ekki spillt árangri í framkvæmd samkeppnisreglnanna að marki. Það kann þó að koma til þess ef ekki verða breytingar á. Það er því æskilegt að samkeppnisyrvöld og atvinnulífið ræði á opinskáan hátt um þessi mál og finni umræðunni skynsamlegan farveg. Þótt viðhorf til einstakra mála geti verið ólík má bæta vinnubrögð og samskipti. Samkeppnisyrvöld vilja leggja sitt lóð á vogarskálarnar til þess að svo getið orðið.


Starfið framundan

Eins og fram hefur komið hefur náðst allgóður árangur í samkeppnismálum á þessum áratug og kröfur eru um að svo verði áfram. Þannig muni áfram stuðlað að efnahagslegri velsæld í þjóðfélaginu. En efnahagslífið bþr við sibreytilegt umhverfi og tekur sjálft örum breytingum. Stöðugt þarf því að laga framkvæmd samkeppnismála að nþjum aðstæðum. Þeir þættir sem helst móta starfsumhverfi fyrirtækja eru alþjóðavæðing, tækniþróun, aukid frelsi og einkavæðing. Sammerkt með þessum þáttum er að þeir hafa almennt jákvæð áhrif á samkeppni, en þeir bera einnig í sér hættu fyrir samkeppnina. Hætta er t.d. til staðar þegar alþjóðavæðingin leiðir til þess að sterk fyrirtæki mynda bandalög eða starfa saman að verkefnum til að tryggja sér aðgang að mörkuðum á kostnað annarra. Hin öra tækniþróun getur og skapað hættu á einokunaraðstöðu, t.d. við samruna atvinnugreina eins og á sér stað á sviði fjarskipta og fjölmiðlunar.

Samkeppnisyrvöld þurfa að vera vakandi yfir þessari samþjöppun og draga úr hættu á að hún hamli virkri samkeppni. Á hinn bóginn mega yrivöld ekki hindra fyrirtæki í að taka upp nþbreytni og tefja fyrir að þau geti brugðist skjótt við breyttum aðstæðum á markaðnum. Mat á aðstæðum á sibreytilegum mörkuðum getur verið erfitt, þar sem fortíðin gefur oft litlar vísbendingar um líklega framtíðarþróun. En þessi og önnur lík viðfangsefni kalla á að samkeppnisyrvöld endurmeti sífellt starfshætti sína og lagi þá að því umhverfi sem efnahagslífið bþr atvinnustarfseminni. Það er vandratað meðalhófið í þessu og verður sífellt flóknara.

Það er hins vegar almenn skoðun að samkeppnisreglum skuli áfram beitt með jafn virkum hætti og áður. Sem dæmi má nefna að í dag eru fáir formælendur þess að slakað skuli á framkvæmd samkeppnismála í því skyni að veita ráðandi stórfyrirtækjum vernd til þess að búa sig undir að keppa á alþjóðamarkaði. Reyndar er viðurkennt að virk samkeppni á heimamarkaði sé forsenda þess að fyrirtæki nái árangri á alþjóðamarkaði.


Eins og minnst var á í upphafi þessarar greinar er endurskoðun samkeppnislaganna



ÚTGÁFUSTARFSEMI

Samkeppnisstofnun gefur reglulega út þmis rit um starf stofnunarinnar, yfirlit yfir mál sem koma til umfjöllunar, ákvarðanir og úrskurði samkeppnisráðs og verðkannanir sem stofnunin gerir. Þessi rit eru fánleg í afgreiðslu Samkeppnisstofnunar að Rauðarárstíg 10, 105 Reykjavík. Einnig er hægt að nálgast efnið á heimasíðu stofnunarinnar, www.samkeppni.is

HEIMASÍÐA SAMKEPPNISSTOFNUNAR



- A Upplýsingar um Samkeppnisstofnun, starfsmenn, samkeppnisráð og áfrþjunarnefnd samkeppnismála.
- B Lög og reglugerðir sem Samkeppnisstofnun hefur eftirlit með.
- C Ákvarðanir og álit samkeppnisyfirvalda ásamt umsögnum Samkeppnisstofnunar.
- D Úrskurðir áfrþjunarnefndar samkeppnismála.
- E Fréttatilkynningar Samkeppnisstofnunar, flokkaðar eftir árum.
- F Kannanir Samkeppnisstofnunar sem birtar eru opinberlega.
- G Hér má nálgast EES gerðir í íslenski þýðingu eða tengingu við gerðir sem ekki hafa verið þýddar.
- H Listi yfir efni sem Samkeppnisstofnun hefur gefið út, m.a. ársskýrslur o.fl.
- I

SAMKEPPNISSTOFNUN

SAMKEPPNISRÁÐ

Brynjólfur Sigurðsson
Atli Freyr Guðmundsson
Karitas Pálsdóttir

Ólafur Björnsson
Skarphéðinn Þórisson

STAFSMENN

Nöfn
Anna Birna Halldórsdóttir
Ágúst Sverrisson
Ásgeir Einarsson
Ásta Pálsdóttir
Brynja Hafsteinsdóttir
Elisabet Sigurðardóttir
Georg Ólafsson
Guðmundur Sigurðsson
Gunnar G. Þorsteinsson
Heimir Örn Herbertsson
Hrönn H. Baldursdóttir
Jóna Björk Helgadóttir
Kristín Færseth
Kristín Hafsteinsdóttir
Margrét Sigurmundsdóttir
Sigurjón Heiðarsson
Sonja Egilsdóttir
Steingrímur Ægisson
Steinunn Friðriksdóttir
Valgerður Marinósdóttir
Þórey Sigurðardóttir

Netföng
abh@samkeppni.is
samkeppni@samkeppni.is
asgeir@samkeppni.is
asta@samkeppni.is
brynja@samkeppni.is
elisabet@samkeppni.is
georg@samkeppni.is
gsig@samkeppni.is
gunnar@samkeppni.is
heimir@samkeppni.is
hronn@samkeppni.is
jbh@samkeppni.is
kristin@samkeppni.is
kristinh@samkeppni.is
margret@samkeppni.is
sigurjon@samkeppni.is
sonja@samkeppni.is
steingrimur@samkeppni.is
steinunn@samkeppni.is
valgerdur@samkeppni.is
samkeppni@samkeppni.is

